

Menningarstefna

Langanesbyggðar 2020-2022

I. Inngangur

Menningarstefna Langanesbyggðar er staðfesting og viðurkenning sveitarstjórnar á mikilvægi og gildi menningarlífs í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill leitast við að stuðla að öflugum og frjóum lista- og menningarlífi í Langanesbyggð í samstarfi við aðra opinbera aðila, frjáls félagsamtök og einstaklinga. Þar sem menningarmál eru mikilvæg stöð góðra lífsgæði í hverju samfélagi, leggur sveitarstjórn því áherslu á að efla menningarstarf þó svo að slíkt sé ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga.

Markmið menningarstefnu Langanesbyggðar er að skapa sem best skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun hins sameiginlega menningararfs okkar og tryggja eftir föngum að allir geti notið menningarlífs. Öflugt menningarlíf er ein frumforsenda þess að byggðarlagið geti haldið sínum hlut í þeirri óhjákvæmlegu samkeppni sem ríkir milli landsvæða um fólk og fyrirtæki. Menning og listir auðga líf einstaklinganna og hafa mikla þýðingu fyrir velferð þeirra og samfélagsins í heild. Enn fremur að búa í haginn fyrir skapandi, lifandi listastarfsemi og stuðla að þátttöku íbúanna á því sviði. Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur því áherslu á að sérstaða Langanesbyggðar sem menningarsamfélags verði eflað.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill að þær lista- og menningarstofnanir sem sveitarfélagið rekur eða á aðild að tengist samfélaginu á eins frjóan og fjölbreytilegan hátt og unnt er og setji sér það markmið að starfsemi þeirra nái til sem flestra. Mikilvægt er að menningarstofnanir og ferðapjónustuaðilar auki samstarf og samráð sín á milli til þess að gera þessi markmið að veruleika. Stuðla ber að sem bestu samstarfi við aðrar lista- og menningarstofnanir og sérstaklega er þá mikilvægt að efla tengsl við nágrannasveitarfélög Langanesbyggðar á menningarsviðinu til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill að þær lista- og menningarstofnanir sem Langanesbyggð rekur eða á aðild að njóti eins mikils sjálfstæðis í störfum sínum og kostur er innan þeirra starfsáætlana og fjárhagsramma sem þeim er settur hverju sinni.

II. Stefna

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur á stefnuskrá að:

- Efla menningarstarf í sveitarfélaginu, hlúa að því sem fyrir er og skapa forsendur fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.
- Efla vitund íbúa byggðarinnar sem og annarra fyrir menningararfi okkar og menningarlegum sérkennum.
- Stuðla að sem fjölbreyttustu framboði á listviðburðum og menningarstarfi hvers konar sem geri Langanesbyggð að betri og fýsilegri stað til að búa á.
- Stuðla að og efla menningartengda ferðamennsku.
- Styðja við bakið á hinum ýmsu menningarfélögum með beinum og óbeinum hætti.
- Stuðla að menningarlæsi barna í leik- og grunnskóla.

III. Meginmarkmið

Í samræmi við menningarstefnu Langanesbyggðar ber að vinna að eftirfarandi markmiðum:

1) Bókasafn

Sveitarstjórn vill að bókasafn Langanesbyggðar er upplýsingamiðstöð og verði eftt sem slíkt og staðsetning þess verði öllum aðgengileg. Með tilkomu fríkorta fyrir íbúa er markmiðið að fjölga lánþegum. Langanesbyggð er fjölmennningarlegt samfélag og skal starfsemi safnsins áfram taka mið af því.

2) Tónlist

Áhersla verði lögð á að styðja við bakið á tónlistarlífi í Langanesbyggð. Markmiðið verði að koma á samstarfi við nágrannasveitarfélög til eflingar tónlistarkennslu og tónlistarstarfs.

Sveitarfélagið reki áfram tónlistarskóla þar sem börnum og fullorðnum verði boðið upp á tækifæri til menntunar á sem flestum sviðum tónlistar, innan starfs- og fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins hverju sinni.

Leitað verði samstarfs við tónlistarflytjendur, kóra á Norðurlandi og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands með það að markmiði að íbúar öðlist kynnist góðri tónlist.

3) Leiklist

Sveitarfélagið styðji við bakið á starfsemi leiklistarstarfsemi í sveitarfélaginu og við aðrar leiklistaruppákomur heimamanna og annarra.

4) Myndlist, aðrar listgreinar

Sveitarstjórn stefnir að því að koma á laggirnar sérstöku listsköpunar- eða menningarhúsi á Þórshöfn sem geti verið vettvangur listamanna og styðji við listsköpun eftir sem mögulegt er.

5) Sögulegar minjar

Lögð er áhersla á skráningu og birtingu sögu byggðar og viðburða á vettvangi sem nýtist jafnt skólabornum og ferðamönnum.

Í framhaldi af fornleifaskráningu í sveitarfélaginu verði unnið að varðveislu, merkingu og kynningu á fornminjum, sögustöðum og öðrum sögulegum minjum í því skyni að gera söguna sýnilega heimamönnum og ferðafólki.

Sett fram langtímaáætlun um húsafriðun, varðveislu mannvirkja og húsaskráningu.

6) Menningarmiðstöð Þingeyinga

Langanesbyggð stendur að rekstri Menningarmiðstöð Þingeyinga og starfsemi þess ásamt öðrum sveitarfélögum og vill efla og bæta starfsemi hennar. Sveitarstjórnin leggur áherslu að komið verði upp sögusafni um sjósókn í byggðarlaginu.

IV. Uppbygging og endurskoðun

1) Menningarsjóður Langanesbyggðar

Komið verði á laggirnar sjóði sem hafi á hverju ári fjármagn til að vinna að völdum uppbyggingarverkefnum, tengdum markmiðum sveitarfélagsins í menningarmálum og þjóðlegum gildum til að marka sveitarfélaginu frekari sérstöðu.

2) Endurskoðun

Velferðar- og fræðslunefnd skal endurskoða menningarstefnu Langanesbyggðar á hverju kjörtímabili.